

Gulur september

HUGMYNDIR FYRIR SKÁTAFÉLÖG



1

Gulur skátafundur

Öll mæta í eða með eitthvað gult. Dagskráin snýst um vináttu, samkennd og að passa upp á hvert annað.

2

Góðverkavika

Hver flokkur fær áskorun um að framkvæma góðverk í nærumhverfinu.

3

Gul áskorun milli flokka

Flokkarnir safna stigum fyrir góðverk, samveru, útiveru og verkefni sem styrkja félagsandann frekar en fyrir heðfbundna keppni.

4

Gul samverustund

Haldið opið kaffihús í skátaheimilinu fyrir fjölskyldur ykkar eða nærsamfélagið, með gulu þema og upplýsingum um gulan september. Kakó og spjall fyrir öll eða tileinka ákveðnum aldurshópi afslappað kvöld þar sem hægt er að ræða vináttu, einmannaleika, streitu, samfélagsmiðla og hvað hjálpar þegar dagarnir eru erfiðir. Skjálaut kósýkvöld, spil, varðeldur, tónlist, föndur og spjall. Áherslan er einfaldlega á að vera saman.

5

Hrós póstkassar

Hrósvika þvert á félagið. Póstkössum merktum sveitum félagsins er komið fyrir í skátaheimilinu. Nokkrar mínútur í lok hvers fundar í mánuðinum teknar til að skrifa skilaboð til hvers annars.

Einnig hægt að draga leynivin (innan sveitar eða félagsins). Skátarnir fá tíma til að búa til hrósmiða, fönndra vinaarmbönd eða annað. Þetta er t.d. hægt að gera fram að félagsútilegu þar sem kemur í ljós hver var leynivinnur hvers.

6

Geðræktarbingó

Bingóspjald sem hangir í skátaheimilinu með ýmsum hvetjandi reitum. T.d. „farðu út“, „gerðu einhverjum greiða“, „hrósaðu vini“, „hreyfðu þig“, „gerðu eitthvað skapandi“ og „talaðu við einhvern sem þú hefur ekki talað við lengi“.

Skátarnir geta skrifað nafnið sitt við þá reiti sem þau gera og markmiðið er að öll hjálpist að við að klára bingóið.

Gulur september

HUGMYNDIR AÐ ÚTIVERU



1

Gul kvöldganga

Gangið saman með gul ljós, endurskinsmerki eða í gulum fatnaði. Endið á notalegri samverustund með kakó.

2

Gulur póstaleikur

Einfaldur póstaleikur um hverfið þar sem skátar, foreldrar og systkini geta komið saman, klæðst gulu og tekið þátt í gulum póstaleik.

3

Ljósmyndaverkefni

“Það sem veitir mér gleði”. Skátar taka myndir af litlum hlutum í daglegu lífi í og við skátaheimilið sem gleðja þá og halda svo ljósmyndasýningu í skátaheimilinu.

4

Geðrækt í náttúrunni

Róleg skógarferð með einföldum verkefnum. T.d. hlusta í eina mínútu, finna fimm fallega hluti, gera öndunaræfingu, kveikja varðeld og vera saman.



Semíkomma er víða notuð
til að sýna samstöðu með
geðheilbrigði og
sjálfsvígsforvörnum.

Það vísar til framhalds;
seiglu og vonar.

Gulur september

HUGMYNDIR FYRIR FÆRNIMERKIN OG SKÁTAFUNDI



TILHEYRA

Samtal

Eiga samtal við flokkinn/sveitina um þarfir allra, hvernig þið hugsið og framkvæmið og hvernig þið getið tryggt að öll geti látið ljós sitt skína, nýtt hæfileika sína og tekið virkan þátt. Finna leiðir til að leyfa öðrum að kynnast þér og þínum þörfum betur svo að þín upplifun af skátastarfi verði sem best.


Hvað hjálpar mér - áttaviti

Skátarnir búa til sinn eigin geðræktaráttavita.

Fjórar áttir sem geta t.d. verið, fólk sem ég get leitað til, hlutir sem róa mig, hlutir sem gleðja mig og staðir þar sem mér líður vel.

Enginn skilinn eftir

Flokkarnir finna leiðir til að gera skátafélagið enn meira inngildandi og tryggja að nýjir eða feimnir skátar upplifi að þau tilheyri hópnum.



TRAUSTUR FÉLAGI

Samtal

Eiga samtal við flokkinn/sveitina hvað felstí því að vera góður vinur og traustur félagi. Talið um aðstæður sem geta verið erfiðar í vinskapi og hvernig hægt er að bregðast við þeim.

Gerið áætlun hvernig flokkurinn eða sveitin getur tekið á móti nýjum skátum og boðið þau velkomin. Gott er að vita hvert þið getið leitað ef einhver kemur illa fram við þig eða aðra.

Hnútur fyrir vin

Tengið skátakunnáttu við þemað og lærið að gera vinahnút og spjallið um hvað “tengir okkur saman” eða hvað góður félagi gerir.

Vinskapur í verki

Sýnið vinskapi í verki, t.d. með því að bjóða einhverjum á fund, setjast hjá þeim sem er einmanna eða senda hvetjandi skilaboð.

Hrós póstkassi

Öll skrifa falleg eða hvetjandi skilaboð til annarra í sveitinni. Í lok fundar fær hver skáti nokkur skilaboð með sér heim.

Gulur september

HUGMYNDIR FYRIR FÆRNIMERKIN OG SKÁTAFUNDI



SKAPA

Vinabönd

Skátarnir búa til gul vinabönd og gefa einhverjum sem þau vilja sýna að þeim þyki vænt um.

Flokks-, sveitar-, eða félagseinkenni

Skátarnir búa til einkenni sem öll fá sem táknar að þau tilheyra öllum flokknum, sveitinni eða félaginu.

Vonargarður

Búið til gul blóm úr t.d. pappír eða öðru efni. Á hvert blóm skrifar skátinn eitthvað sem veitir honum gleði, von eða styrk. Úr verður sameiginlegt listaverk í skátaheimilinu. Hægt er að útfæra þetta á marga vegu, teikna tré á pappír og hver skáti skrifar laufblað eða svipaðar útfærslur.

Ljós í myrkrinu

Gerið luktir. Hver skáti skrifar á luktina eitthvað sem gleður hann eða manneskjuna sem “lýsir upp” daginn.

Gul slaufa

Allt félagið vinnur saman að risastórri gulri slaufu úr efnisbútum. Á búta má skrifa jákvæð skilaboð, nöfn fólks sem skiptir mann máli eða eitthvað sem gefur von.



OFURFLOKKURINN

Skiptið hlutverkum

Skiptið með ykkur hlutverkum og ræðið hvaða hlutverk gætu verið góð til að passa upp á hvert annað.

Styrkleikar

Skoðið styrkleika ykkar, annarra í flokknum og flokksins í heild. Öll skrifa hvetjandi skilaboð til allra í flokknum.

Samvinnuverkefni og hópefli

Gerið mismunandi samvinnuverkefni þar sem flokkurinn þarf að vinna saman. “Þú tilheyrir hópnum” útileikur/stöðvar með samvinnuprautum þar sem verkefnin verða aðeins leyst ef öll fá hlutverk. Ræðið hvernig gekk að nýta styrkleika flokksins.

Verkefnin gætu verið: leysa dulmál, handaflækja, krókódílafljót, snúa við teppi, leita að hlutum og komast í gegnum þrautabraut blindandi.